

REGLUGERÐ

um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2010.

1. gr.

Allar veiðar á makríl í fiskveiðilandhelgi Íslands og á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar NEAFC, utan lögsögu ríkja, eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Heimilt er að veita fiskiskipum leyfi til makrílveiða sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni enda hafi viðkomandi skip stundað veiðar á makríl á árunum 2007, 2008 eða 2009 eða fyrirhugað er að það stundi veiðar samkvæmt 2. eða 3. tl. 2. gr.

Leyfi til makrílveiða skulu gefin út fyrir hvert almanaksár en ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til makrílveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra. Þá er heimilt að áskilja að flotvörpuveiðar á makríl skuli aðeins heimilaðar á tilteknu svæði ef varpan er búin meðaflaskilju.

2. gr.

Fari leyfilegur heildaraflí íslenskra skipa í makríl á árinu 2010 yfir 130.000 lestir eða 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, ákveður ráðherra hvort veiðar á makríl skuli bannaðar. Viðmiðun leyfilegs heildarafla skal ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1. 112.000 lestum skal ráðstafað til skipa sem veitt hafa makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skal skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra á árunum 2007, 2008 til og með 11. júlí 2009, miðað við landaðan afla, að undanskildum sérstökum heimildum til veiða í lögsögu Færeyja. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við horfið úr rekstri er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip í hans eigu aflaheimildum er ráðstafað. Heimilt er að flytja aflaheimildir á milli skipa í eigu sömu útgerðar.
 2. 3.000 lestum skal ráðstafað til skipa sem stunda veiðar á línu og handfæri, netaveiðar og til veiða í gildru.
 3. 15.000 lestum skal ráðstafað til skipa sem ekki falla undir 1. og 2. tl. enda hafi útgerð skips sótt um leyfi til makrílveiða til Fiskistofu eigi síðar en 30. apríl 2010.
- Aflaheimildum þessum skal skipt á milli eftirfarandi stærðarflokka skipa:
- a. Skip 550 BT og yfir.
 - b. Skip yfir 200 BT og undir 550 BT.
 - c. Skip 200 BT og undir.

Hvert skip sem fellur undir a. lið skal fá í sinn hlut X lestir af makríl, hvert skip sem fellur undir b. lið skal fá í sinn hlut 0,85 sinnum X lestir af makríl og hvert skip sem fellur undir c. lið skal fá í sinn hlut 0,70 sinnum X lestir af makríl. X skal fundið með eftirfarandi jöfnu:

$$aX + 0,85bX + 0,70cX = 15.000 \text{ lestir}$$
 (a er fjöldi skipa sem fellur undir tl. a., b er fjöldi skipa sem fellur undir tl. b. og c er fjöldi skipa sem fellur undir tl. c). X skal þó aldrei vera hærra en 1.000 lestir.

Framsal aflaheimilda er óheimilt, sbr. þó lokamálslið 1. tl. Í veiðileyfum samkvæmt 1. tl. og 3. tl. skal kveðið á um leyfilegt hámark makrílafla hvers skips og er skipi óheimilt að veiða umfram þá heimild, enda hafi aflaheimildir ekki verið fluttar til skips, sbr. lokamálslið 1. tl.

Veiðileyfi skipa, sbr. 2. tl., falla úr gildi þegar viðmiðunarafla hefur verið náð en þó eigi síðar en 10. september 2010. Veiðileyfi skipa, sbr. 3. tl., falla úr gildi þann 15. júlí 2010 hafi skip ekki hafið makrílveiðar. Hafi skip sem leyfi hefur til makrílveiða, sbr. 3. tl., ekki landað 70% af leyfilegum makrílafla sínum þann 20. ágúst 2010 fellur veiðileyfi þess úr gildi. Ónýttum heimildum skipa sem falla undir 3. tl. skal ráðstafa til annarra skipa í sama flokki enda sé X, sbr. 3. tl. 1. mgr. ekki hærra en 800 lestir. Ónýttum heimildum samkvæmt þessari grein skal að öðru leyti ráðstafað á grundvelli 1. tl. 1. mgr.

3. gr.

Íslenskum skipum sem leyfi hafa fengið til makrílveiða er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sbr. reglugerð nr. 557/2007, með síðari breytingum, um afladagbækur. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Sé makríll veiddur á línu eða handfæri er heimilt að færa fleiri en eina veiðiferð á hverja síðu í afladagbók. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur. Ennfremur skal allur meðaflí skráður nákvæmlega.

4. gr.

Sé makríll veiddur í flottroll eða nót, skulu tekin sýni úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af makríl, sem valin eru af handahófi. Gæta skal þess að sýni sé tekið í öllum tilkynningaskyldureitum þar sem skipið stundar veiðar. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni, þegar að lokinni veiðiferð.

5. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda makrílveiðar sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

6. gr.

Um tilkynningar varðandi makrílveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 1221/2008, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsískveiðinefndarinnar (NEAFC) og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan íslensku lögsgunnar. Ákvæði þessarar greinar á þó ekki við sé makríll veiddur á línu, handfæri eða í gildru innan íslenskrar lögsgu.

7. gr.

Makrílafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa makrílafla og makrílaufurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtuðum makríl um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar makríls utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn makríls. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðisksips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda makrílsins eða staðfest af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Um vigtun á makríl gilda ákvæði reglugerðar nr. 224/2006 um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum og ákvæði reglugerðar nr. 246/2008 um vigtun og skráningu meðafla á uppsjávarfiski, með síðari breytingum. Sé makríll veiddur á línu eða handfæri skal afla halddið aðgreindum um borð í veiðiskipi eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun.

Landi skip frystum afurðum utan Íslands skal tilkynna um það í samræmi við ákvæði 5. kafla reglna Norðaustur-Atlantshafsískveiðinefndarinnar (NEAFC) um fiskveiðieftirlit og framkvæmd þess.

Þegar makríll er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,13.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsgu

Nr. 285

31. mars 2010

Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til makrílveiða vegna brota á reglugerð þessari.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 939/2009 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. mars 2010.

Jón Bjarnason.

Sigurgeir Porgeirsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2010